

Nr. 100/13 Bíldsey SH 65***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2704
Smíðaður: Reykjavík 2006 plast
Stærð: brl. 29,8 bt.
Mesta lengd: 14,98 m Skráð lengd: 14,48 m
Breidd: 4,6 m Dýpt: 1,92 m
Vél: Yanmar 323 kW 2006
Fjöldi skipverja: 4

Gögn:
Gögn RNS



Bíldsey©NN

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. febrúar 2014 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmarí Snorrasyni. Pálmi K. Jónsson tók þátt í afgreiðslu á drögum skýrslunnar.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 23. apríl 2013 var Bíldsey SH 65 á siglingu suður af Papey. Veður: NA 14-16 m/sek. (Papey)

Þegar skipverji var kominn í vélarúm til eftirlits ætlaði hann að ganga aftan við aðalvélinu en þá kom ólag á bátinn með þeim afleiðingum að skipverjinn kastaðist til bakborða. Hann féll með vinstri öxl á styrktarstoð og svo í gólfið. Eftir skoðun læknis nokkrum dögum seinna var skipverjinn úrskurðaður óvinnufær en liðbönd höfðu slitnað.

Við rannsókn kom fram:

- að engar sérstakar handfestur voru í vélarúminu sem hægt var að halda eða grípa í.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að ólag kom á bátinn og skipverjinn náði ekki handfestu.



Lítið er um handfestur við slysstæð

Sérstök ábending:

Nefndin bendir á nauðsyn þess að komið sé fyrir handfestum sem skipverjar geta gripið í við aðstæður sem þessar.